

ORKUSTOFNUN	
Skjalasafn	
Dags. mótt.	13.01.2010
Málsnúmer	2009120021
Skjalalykill	50.4.3
Verknúmer	107000
Eskj./aths.	
Abm.	VS
Aðrir	BGR
	ÞSA
	10-
Trún.	
Afrit til	

Orkustofnun  
 Bryndís G Róbertsdóttir  
 Grensásvegur 9  
 107 Reykjavík

Kópavogi, 06.01.2010  
 Tilv. 306  
 KH

**Efni: Umsögn um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leitar- og rannsóknarleyfi á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði.**

Vísað er í bréf Orkustofnunar dags. 5. janúar 2010 ásamt fylgiskjölum 1 - 2 vegna umsóknar Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leitar- og rannsóknarleyfi á ofangreindum stöðum. Óskað var umsagnar Siglingastofnunar Íslands um umsóknina.

Farið var yfir umsóknina og fylgiskjöl með erindinu. Rannsóknarboranir og mælingar sem lýst er í umsókn hafa engin áhrif á sjólag.

Siglingastofnun leggst því ekki gegn veitingu á umbeðnu leitar- og rannsóknarleyfi en áskilur rétt til athugasemda komi til þess að sótt verði um leyfi til efnisvinnslu af hafobotni nærri strönd í Dýrafirði, Tálknafirði eða Patreksfirði.

Virðingarfyllst  
 F.h Siglingastofnunar Íslands

*Kristján Helgason*  
 Kristján Helgason



## F I S K I S T O F A

Lax- og silungs ORKUSTOENUN  
Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími 569 7900 • Fax 569 7990

Tígs. mott.	08.01.2010	Abm.	VS
Þíðnumar	2009120021	Aðrir	BGR
Skjalalykill	50.43	...	BSA
Verknúmer	1073000	Trún.	XKÓ
Eki / aths.		Afrít til	

7. janúar 2010

Orkustofnun  
Grensásvegur 9  
108 Reykjavík

**Varðar rannsóknaleyfi á kalkþörungalögum í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði**

Í bréfi dagsettu 5. janúar er leitað eftir umsögn varðandi umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins um rannsóknir á kalkþörungalögum í Dýrafirði, Tálknafirðir og Patreksfirði. Rannsóknirnar munu fara fram utan netlaga, þ.e. utan 115 metra frá stórstraumsfjöruborði.

Undirritaður telur að sú rannsóknastarfsemi, sem hér er fyrirhuguð komi ekki til með að hafa áhrif á veiðimál laxfiska á þessu svæði en telur eðlilegt að rannsóknir fari ekki fram innan friðunarsvæðis við ós vatnsmestu veiðiáanna á þessu svæði, sem að jafnaði renna í fjarðarbotnana. Samkvæmt 15. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum telst þetta svæði ná 1,5 kílómetra frá ósi ánnar á stórstraumsfjöru.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við fyrirhugaða starfsemi

Virðingarfyllst



Arni Ísaksson  
forstöðumaður



Árni Ísaksson  
<arni@fiskistofa.is>  
12.01.2010 11:15

To Bryndís Guðrún Róbertsdóttir <bgr@os.is>  
cc  
bcc  
Subject Re: Umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins

Sæl Bryndís

Eftir að ég sendi bréfið til þín varðandi kalkþörnungarannsóknirnar í Dýrafirði og Patreksfirði datt mér í hug hvort þarna gæti verið um hagsmunaárekstur að ræða við þá fiskeldisstarfsemi sem er á þessu svæði. Slíkir hagsmunaárekstrar yrðu væntanlega enn meiri gagnvart vinnslu síðar meir. Væntanlega þarf að gæta þess að rannsóknarskipið haldi ákveðinni fjarlægð frá eldiskvíum. Slík ákvæði þyrftu þá að koma fram í leyfinu.

Með kveðju.

Árni

Lax- og silungsveiðisvið  
Árni Ísaksson forstöðumaður

Head of Department  
Salmonid Fisheries and Ecosystem Management  
Directorate of Fisheries, Dalshrauni 1, Hafnarfjörður, Iceland  
Telephone: (354) 569-7900, Fax: (354) 569-7991

|----->  
| From: |  
|----->

>-----  
-----|  
| Bryndís Guðrún Róbertsdóttir <bgr@os.is>  
|

>-----  
-----|  
|----->  
| To: |  
|----->

>-----  
-----|  
|----->  
| arni@fiskistofa.is  
|

>-----  
-----|  
|----->  
| Date: |  
|----->

>-----  
-----|  
| 05.01.2010 16:04  
|

>-----  
-----|

ORKUSTOFNUN	
Skjalasafn	
Dags. mótt.	19.01.2010
Málsnúmer	2009120021
Skjalalykill	5043
Verknúmer	1073000
Fskj./aths.	



UMHVERFISSTOFNUN

Orkustofnun  
Bryndís G. Róbertsdóttir,  
land- og jarðfræðingur  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2010  
Tilvísun: UST20100100093/bs

**Leitar- og rannsóknaleyfi - Kalkþörungaset í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði.  
Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 5. janúar 2010 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um leyfi til rannsókna á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Umrædd rannsókn felur í sér setþykkktarmælingar með hljóðbylgjum til að kortleggja þykkt setla og kjarnaboranir til að fá yfirlit yfir efnisgæði í seti. Þessar rannsóknir hafa óveruleg áhrif á umhverfið. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar rannsóknir.

Virðingarfyllst  
*Björn Stefásson*  
Björn Stefásson

*Hjalti Guðmundsson*  
Hjalti J Guðmundsson  
Sviðsstjóri



I		ORKUSTOFNUN		
		Skjalasafn		
Dags. mótt.	22.01.2010	Ábm.	V3	
Málsnúmer	2009120021	Aðrir	BGR	
Skjalalykill	50.43	...	20	
Verknúmer	1073000	Trún.	173SA	
Fskj./athss.		Afrít til		

## ÍSAFJARÐARBÆR

Orkustofnun,  
Bryndís G. Róberts dóttir  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Ísafjörður, 19.01.2010  
2009070016 HH

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar vegna beiðni Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leitar- og rannsóknaleyfi á kalkþörungasetri í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði.

Bréf Orkustofnunar dags. 5. janúar 2010 var mótttekið 13. janúar og tekið fyrir í umhverfisnefnd þann sama dag. Bréfið var einnig lagt fyrir fund bæjarráðs sem haldinn var 18. janúar.

Undirritaður vill benda á að sveitarfélög á Vestfjörðum hafa samþykkt viljayfirlýsinu um svæðisskipulag þar sem sérstaklega verði tekið til skoðunar skipulag strandsvæða Vestfjarða. Það er og hefur lengi verið vilji sveitarfélaga á Vestfjörðum að skipulagsvald sveitarfélaga nái lengra en 115 metra frá stórstraumsfjöruborði þannig að sveitarfélögini hafi skipulagsvald yfir fjörðum og víkum og jafnvel eitthvað frá landi.

Af hálfu Ísafjarðarbæjar er gerð sú krafa að ef vinnanlegt magn kalkþörunga finnst verði vinnslan á svæðinu. Það má ekki gerast að efni sé dælt upp og flutt út óunnið eða lítt unnið í verksmiðjur erlendis. Standi slikt til er það afstaða Ísafjarðarbæjar að ekki eigi að veita leitar- og rannsóknaleyfi. Undirrituðum er vitanlega kunnugt um að Íslenska kalkþörungafelagið rekur vinnslu á Bildudal og er því ekki líklegt til að flytja vinnslu afurðanna í burtu. Mikilvægt er engu að síður að þetta sé tekið fram af hálfu Ísafjarðarbæjar.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar bókaði á fundi sínum 13. janúar: „Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við að leitar- og rannsóknaleyfi verði veitt, enda skaði það ekki sjókvældi í Dýrafirði. Áður hefur verið veitt leyfi fyrir sjókvældi á laxi, regnbogasilung og þorski.“

Af hálfu Ísafjarðarbæjar er ekki lagst gegn umbeðnu rannsóknarleyfi að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

Halldór Halldórsson  
- bæjarstjóri -



ORKUSTOFNUN	
Skjalasafn	
Dags. mótt.	02.02.2010
Málsnúmer	2009120021
Skjalalykill	504.3
Verknúmer	1073000
Finni/aths.	
Ábmr.	VS
Aðnr.	BCC
...	AD
Trúna.	HSA
Afrit til	

## Tálknafjörður

Miðtuni 1, 460 Tálknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Orkustofnun  
Borgun við Norðurslóð  
600 Akureyri

Tálknafirði, 19.janúar 2010  
1001022 EIS

**Efni: Umsögn Tálknafjarðarrepps um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leitar- og rannsóknarleyfi á kalkþörungaseti í Tálknafirði.**

Bréf Orkustofnunar dags. 5.janúar 2010 var tekið fyrir á 410.fundi þann 13.janúar s.l. Undirrituð fagnar því að Orkustofnun skuli óska eftir umsögn sveitarfélagsins, þar sem sveitarfélög hafa ekki skipulagsvald utan netalaga þ.e. utan 115 m frá stórstraumsfjöruborði og fram kemur í bréfi Orkustofnunar að rannsóknir munu fara fram utan netlaga.

Ljóst er að eftirspurn eftir kalkþörunganánum við Ísland er vaxandi. Námur erlendis fara minnkandi, auknar takmarkanir eru á nýtingu og mengun veldur vandræðum. Því er leitað eftir nýjum nánum um allan heim. Rétt er að benda á að sú þekking sem hefur skapast við nýtingu kalkþörunga í Arnarfirði af Íslenska kalkþörungafélaginu ehf., hlýtur að nýtast sem viðmið þegar ákvörðun er tekin um hvort opna eigi ný svæði eða ekki.

Þá vill undirrituð vekja athygli á eldisstarfsemi sem nú þegar er í fullum rekstri bláskelja- og þorskeldi og fyrirhuguðu laxeldi þar sem Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að 3.000 tonna laxeldi í Tálknafirði og Patreksfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum og leggja til að leyfi verði veitt en bundið 1.000 tonna laxeldi til að byrja með.

Einnig er vert að vekja athygli á viljayfirlýsingu allra sveitarfélaga á Vestfjörðum um svæðaskipulag þar sem sérstaklega verði tekið til skoðunar skipulag strandsvæða Vestfjarða. Það er vilji sveitarfélaga á Vestfjörðum að skipulagsvald yfir fjörðum og víkum og jafnvel eitthvað frá landi.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarrepps leggst ekki gegn því að Íslenska kalkþörungafélaginu verði veitt leitar- og rannsóknarleyfi í Tálknafirði að teknu tilliti til þess sem að ofangreinir.

Virðingarfyllst,



Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir



## HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Orkustofnun  
Bryndís G. Róbertsdóttir  
Grensásvegur 9  
108 Reykjavík

OS		ORKUSTOFNUN	
		Skjalasafn	
Dags. mótt.	20.01.2010	Ábm.	VS
Málsnúmer	2009120021	Aðrir	ISGR
Skialalykill	50 4.3	---	101
Verknúmer	1073000	Trún.	Abta
Fskj./aths.		Afrit til	

Reykjavík, 19.01.2010  
Tilv. 21.1.1/KAL  
JS/sdk

### Málefni: Umsögn um umsókn íslenska kalkþörungafélagsins um leitar- og rannsóknaleyfi á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði

Orkustofnun óskar eftir umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um ofangreint erindi dagsett 5. janúar 2010 (Tilv.:2009120021).

Hafrannsóknastofnunin gerir engar athugasemdir við umsókn Kalkþörungafélagsins um leitar- og rannsóknaleyfi, enda verði verkið unnið í samræmi við þá verklýsingu sem fylgir umsókninni.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

  
Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:  
Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

Sími:  
575-2000  
Póstfax:  
575-2001

Heimasíða:  
[www.hafro.is](http://www.hafro.is)

Tölvupóstfang:  
[hafro@hafro.is](mailto:hafro@hafro.is)



Ragnar Edvardsson  
<ragnar@fornleifavernd.is>  
21.01.2010 10:30

To Bryndís Guðrún Róbertsdóttir <bgr@os.is>  
cc  
bcc  
Subject Re: Umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins

Sæl Bryndís

Fyrirgefou að ég náði ekki að klára þetta í gær en lenti á endalausum fundi. Hér er svar fornleifaverndar við þessari umsókn ég sendi svo pappírseintak í venjulegum pósti.

Ragnar Edvardsson,  
Minjavörður Vestfjarða



Regional Archaeologist Fornleifav\_Kalkþ\_Patr\_Dýrafj.doc



## Fornleifavernd Ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík  
Sími 555 6630, Bréfsími 555 6631  
Heimasíða: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is)  
ragnar@fornleifavernd.is

Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík 21. janúar 2010  
*Tilvísun: Fvr 20010010013/RE*

### Efni: Rannsókn á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði

Fornleifavernd ríkisins hefur borist bréf Orkustofnunar þar sem er óskað umsagnar um tilvonandi rannsóknir á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Á svæðinu sem hér um ræðir hafa verið talsverðar skipaferðir í tengslum við fjölmarga verslunarstaði og verstöðvar sem byggðar voru frá landnámi og fram á 20. öld. Af þekktum verslunarstöðum er helst að nefna Patreksfjörð, Þingeyri og Bíldudal en þessir staðir voru mikilvægir á tímum hansakaupmanna og einnig eftir að einokun danakonungs hófst árið 1610. Af þeim fjölmörgu verstöðum má nefna, Breiðavíkurver, Kollsvíkurver, Látravíkurver, Miðvík í Tálknafirði og Fjallaskaga og Selvoga í Dýrafirði. Að auki byggðu Norðmenn hvalveiðistöð á Suðureyri í Tálknafirði um 1900.

Til eru talsverðar heimildir um skipskaða frá landnámi og fram á 20. öld sem tengjast öllum þessum fjörðum en ekki er vitað um nákvæma staðsetningu skipsflaka eða annara minja. Möguleiki er því að óþekkt skipsflök verði fyrir raski við boranir og aðrar framkvæmdir á hafsbotni.

Fornleifavernd ríkisins fer því fram á að hafsbottinn á þeim svæðum sem áætlað er að raska verði kannaður nánar til að ganga úr skugga um að engin flök eða aðrar minjar leynist á rannsóknarsvæðunum. Einnig vil stofnunin benda á 9.grein þjóðminjalaganna en þar stendur að skipsflök eða hlutar úr þeim teljist til fornleifa og 10.grein sömu laga: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.*

Virðingarfyllst

Ragnar Edvardsson  
Minjavörður Vestfjarða

IE	<b>ORKUSTOFNUN</b> Skjalasafn
Dags. mótt.	25.01.2010
Málsnúmer	2009120021
Skjalalykill	50 43
Verknúmer	1073000
Fskj./aths.	
Ábm.	VS
Aðrir	BGR
---	101
Trún.	77%
Afrít til	

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 21. janúar 2010

Orkustofnun  
 Bryndís Guðrún Róbertsdóttir  
 Grensásvegur 9  
 108 Reykjavík

### Umsögn um rannsóknarleyfi á Kalkþörungum í Dýrafirði, Arnarfirði og Táknafirði.

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dagsett 30.desember 2009 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um umsókn Íslenska kalkþörungafél eins ehf. um rannsóknarleyfi á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálkanfirði og Patreksfirði

Í Dýrafirði hafa hefur Dýrfiskur ehf starfsleyfi fyrir fiskeldi upp að 200 tonnum framleitt regnbogasilung. Fyrirtækin Milliveggir og Álfssfell hafa einnig verið með leyfi fyrir 200 tonna framleiðslu en ekki nýtt þau. Fyrirtækið Dýrfiskur ráðgerir 2000 tonna framleiðslu í Dýrafirði. Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að eldið þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki upplýsingar um framleiðslu, **taka þarf tillit til þessarar starfsemi.**

Í Patreksfirði og Tálknafirði hafa farið fram tilraunir undanfarin ár með þorskeldi en starfsemin verið lítil. Fyrirtækin Oddi hf, Þóroddur, Einherji ehf og Ba-337 ehf hafa verið með leyfi fyrir 200 tonna eldi frá heilbrigðiseftirliti í Patreksfirði. Skipulagsstofnun úrskurðaði að 3000 tonna laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði sem sömu aðilar hafa verið að undirbúa þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Í Tálknafirði eru þrjár eldisstöðvar á landi, það er Botn, Gileyri og Tunga. Jafnframt eru fyrirtækin Bæjarvík ehf, Þóroddur, Þórsberg ehf, Guðjón Indriðason og BA-337 ehf með 200 tonna leyfi hver fyrir þorskeldi. Nýskel ehf er með leyfi fyrir krækling. **taka þarf tillit til þessarar starfsemi.**

EKKI verður séð að bergmálsmælingar né boranir hafi áhrif á þessa starfsemi. Hinsvegar er ljóst að töluverð neikvæð áhrif af uppdælingum á ferðaþjónustu sem byggir á óspilltri náttúru. Það passar illa við ímyndina að hafa þar dælupramma á sveimi. **Því er rétt að takmarka uppdælingu við þau tímabil sem ferðamenn eru yfirleitt ekki á svæðinu.**

Skipulag sveitarfélaga nær einungis út að skilgreindum mörkum netalagna. Mjög brýnt er að skipulag sveitarfélaga verði útvíkkað þannig að það nái líka yfir þá starfsemi sem

fram fer á landgrunninu. Eins og sést eru fjölpættir hagsmunir þar í húfi alveg eins og á þurru landi. Sveitafélög verða að geta útteilt líðum og afmarkað svæði til sérstakra nota. Ekki verður séð að nokkurt opinbert eftirlit verði haft með starfseminni. Ekki kemur fram hver hefur eftirlit með þessari starfsemi. Opinbert eftirlit hefur m.a. þann tilgang að lágmarka umhverfisáhrif. Í því sambandi væri að mati undirritaðs æskilegt að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga væri samráðsaðili vegna eftirlits. Meðan ekkert skipulag er á nýtingu þeirra gæða sem finnast á landgrunninu þá gildir að allir verða að taka tillit til þeirrar starfsemi sem fyrir er.

Með kveðju



Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi



# Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsimi 456-1142

Orkustofnun  
Bryndís G. Róbertsdóttir  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

I		ORKUSTOFNUN	
		Skjalasafn	
Dags. mótt.	28 01 2010	Ábmn.	VS
Málsnúmer	2009120021	Aðrir	PDA
Skjalalykill	SD.4.3	...	PA
Verknúmer	1073000	Trún.	10
Fski./aths.		Afrít til	

Patreksfirði, 21. janúar 2010  
1001017 RJOR

## Efni: Beiðni um umsögn

Á fundi bæjarráðs Vesturbyggðar 12. jan. sl. var eftirfarandi tekið fyrir og bókað:

### "9 1001017 - Orkustofnun.Umsögn um leitar-og rannsóknarleyfi Ískalk

Beiðni frá Orkustofnun um umsögn um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf um leitar- og rannsóknarleyfi á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Óskað er umsagnar fyrir 21. jan. nk.

Bæjarráð styður umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leit og rannsóknir á kalkþörungaseti í Patreksfirði og beinir þeim vinsamlegu tilmælum til Tálknafjarðarhrepps og Ísafjarðarbæjar að styðja beiðni um leitar-og rannsóknirheimildir félagsins í Tálknafirði og Dýrafirði."

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Ragnar Jörundsson bæjarstjóri

